



Alþingi
Erindi nr. P 128/2002 Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga hf.

Garðarsbraut 5, 640 Húsavík
Sími: 464-2070, Fax: 464-0406,
Netfang: atthing@atthing.is
Vefsíða: www.atthing.is

Komudagur 20.11.2002

18. nóvember 2002

Iðnaðarnefnd Alþingis

Tilvísun:


Bréf dagsett 14. nóvember 2002, vegna þskj. 29 – 29. máls á 128. löggjafarþingi – Tillaga til þingsályktunar um aðgerðir gegn ójafnvægi í byggðamálum.

Almennt má segja um tillöguna að hún kemur inn á þætti sem eru daglega með einum eða öðrum hætti inn á borði Atvinnuþróunarfélags Þingeyinga. Atvinnuþróunarfélögin eru dæmi um aðila sem eru að vinna mikilvægt ráðgjafarstarf með fyrirtækjum, frumkvöðlum, sveitarfélögum og ýmsum öðrum aðilum. Byggða- og atvinnumál eru því málaflokkar sem snertir starfsemi atvinnuþróunarfélaga verulega, og mikilvægt að sá rammi, sem löggjafarvaldið markar um þessi veigamiklu atriði, sé skýr, framsækinn og í jafnvægi í tíma og rúmi. Jafnframt er mikilvægt að tryggja að nægilegt fjármagn sé til staðar í þessum málaflokki, til að nýta þá grunnþekkingu sem er til staðar, en ekki síður að ýta undir drifkraft einstaklinga eða hópa af einstaklingum.

Á síðasta þingi var samþykkt sérstök byggðaáætlun sem er ætlað að stuðla að jákvæðri byggðaþróun. Þrátt fyrir að lengi megi benda á einhver atriði sem betur mætti fara eða viðhafa forgangsrið með einum eða öðrum hætti, er mikilvægt að hafa slíka grunnáætlun sem þarf svo með reglubundnum og markvissum hætti að vera í endurmati og hugsanlegum breytingum eftir efnum og ástæðum.

Að lokum er ítrekað mikilvægi þess að stutt sé dyggilega við bakið á grunnstarfinu í byggða- og atvinnumálum. Þar eru t.d. atvinnuþróunarfélögin mikilvægur hlekkur.

F.h. Atvinnuþróunarfélags Þingeyinga hf.



Tryggvi Finnsson
-framkvæmdastjóri-